

Fundargerð

Fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæði í Þjórsárdal

Fjarfundur haldinn á Teams 6. janúar 2023

Fundarmenn

- ✓ Þórdís Björt Sigbórsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
 - ✓ Daníel Jónsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
 - ✓ Ásta Hermannsdóttir, fulltrúi Minjastofnunar Íslands
 - ✓ Uggi Ævarsson, fulltrúi Minjastofnunar Íslands
 - ✓ Haraldur Þór Jónsson, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
 - ✓ Gunnar, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
 - ✓ Hreinn Óskarsson, fulltrúi Skógræktarinnar
- Fjarverandi: Lovísa Ásbjörnsdóttir, fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands

Dagskrá:

1. Upplýsingar um breytingar á samstarfshópi síðan vinnan hófst
2. Farið yfir kort af svæðinu – göngu-/hjóla- og reiðleiðir
3. Næstu skref

Fundarefni:

1. Breytingar hafa orðið á samstarfshópi síðan vinnan hófst vegna mannabreytinga bæði hjá sveitarfélaginu og Umhverfisstofnun. Sumarið 2022 tók Magnús Freyr Sigurkarlsson við starfi sem sérfræðingur svæðisins en áður hafði Hákon Ásgeirsson sinnt því starfi. Vinnan hélt að einhverju leyti áfram með nýjum samstarfshópi en um haustið urðu aftur mannabreytingar og tók Haraldur Þór Jónsson við af Björgvini Skafta sem fulltrúi sveitarfélagsins. Fyrsti fundur nýs samturfshóps var haldinn 15. september 2022 þar sem farið var yfir þá vinnu sem hafði átt sér stað og áætlunin kynnt fyrir nýjum meðlimum hópsins, eins voru umræður um framtíðarsýn á svæðinu og þá uppbyggingu á ferðaþjónustu sem stefnt er að á svæðinu. Frumathugun fyrir svæðið var einnig kynnt og var komin langt á veg sem gefur ákveðna sýn á uppbyggingu. Haldinn var sérstakur samráðsfundur þann 10. október 2022 þar sem Umhverfisstofnun og nýr oddviti, Haraldur Þór Jónsson, fóru yfir frumáætlun fyrir svæðið og þá uppbyggingu sem stefnt er að, eins var talað um framtíðarsýn sveitarfélagsins um umsjón á svæðinu. Sveitarfélagið hefur list yfir áhuga á því að gera umsjónarsamning um svæðið, en áður en hægt verður að skoða nánar umsjónarsamning þarf stjórnunar- og verndaráætlun að liggja fyrir. Á nýju ári tóku við fleiri mannabreytingar innan samstarfshópsins þar sem Daníel Freyr Jónsson tók við starfi sérfræðings af Magnúsi Frey. Á síðasta fundi samstarfshóps fyrir áramót var tekin sú ákvörðun að sveitarfélagið myndi taka að sér að setja upp göng-/hjóla- og reiðleiðir og kynna fyrir hópnum á nýju ári. Sá fundur var haldinn þann 6. janúar 2022, stefnt er að því að þegar kortin fyrir svæðið eru tilbúin til kynningar mun áætlunina fara í opið kynningarferli í 6 vikur.

2. Farið var yfir þær athugasemdir sem bárust frá samstarfshópi um drög að kortum sem sveitarfélagið hefur unnið og kortum var varpað fram til umræðu á fundinum.

Ábendingar og athugasemdir voru meðal annars um eftirfarandi:

- Til að birta kort á gps tæki þarf að vera búíð að „trakka“ leiðirnar nákvæmt, annars sýnum við gönguleiðir á korti.
- Bent var á að það er mikilvægt að hafa í huga að um landslagsverndarsvæði er að ræða og því mikilvægt að bæta ekki inn mikið af nýjum leiðum, heldur nýta þær leiðir sem eru til, svo ekki verði skert verndargildi svæðisins.
- Mikilvægt að leggja fram leiðir sem eru í góðu ásigkomulagi og kynna fyrir gestum.
- Hugmyndir um að setja upp göngubrýr á ákveðnum svæðum til að tengja saman svæði.
- Minjastofnun benti á mikilvægi þess að bæta inn nýjum gögnum um minjar á svæðinu.
- Fjallað um mikilvægi þess að leggja fram á korti leiðir sem eru mögulegar fyrir hreyfihamlaða.
- Bent á að það væri gott að litakóða drög að kortum svo hægt sé að sjá hvað eru nýjar leiðir, hverjar eru til staðar, í hvernig ástandi ólíkar leiðir eru o.s.frv.
- Eins var bent á að það væri gott að leggja þessar ólíku leiðir allar saman á eitt kort og sjá hvernig skörunin er.

3. Næstu skref – Sveitarfélagið heldur áfram að fínþússa kortin og setja inn litakóða og skörun leiða, samstarfshópur kemur inn í þá vinnu eftir því sem þörf er á. Næstu fundur samstarfshóps verður 19. janúar klukkan 13:00.